

Ed.

387. Breytingartillaga

[8. mál]

við frv. til l. um sölu á prestssetursjörðinni Setberg o. fl.

Frá dóms- og kirkjumálaráðherra.

Við 1. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Þá er ríkisstjórninni heimilað að fá Skátafélagi Akraness til umráða með nánar tilteknum skilmálum spildu úr landi kirkjujarðarinnar Stóru-Drageyrar í Skorradal, allt að 700 metra meðfram Skorradalsvatni og upp í fjallshlíð.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að afhenda Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja til umráða allt að 50 hektara úr svonefndum Móadal í landi prestssetursjarðarinnar Saurbæjar á Hvalfjarðarströnd, svo og aðgang að hálfum hektara á sjávarströnd jarðarinnar.